

Hítardalur

Æviminningar Hólmfríðar Sigurðardóttur frá Tjaldbrekku, Hraunhreppi, Mýrasýslu, skráðar af syni hennar, Geir Sigurðssyni.

Sigfríður Nieljohniusdóttir lét Örnefnastofnun í té.

að Tjaldbrekku, og var það rétt eftir að högginn heyrðu[st], og sagði hann þá frá því, að skipið væri talið af, því ekkert hefði heyrzt frá því í hálfan mánuð. Þótti þá líklegt, að Friðrik hefði látið heyra frá sér, er Jónatan kom aftur að segja frá skipinu, og að það væri talið af.

Um Ólaf stúdent, er úti varð, var þetta kveðið í Tíðavísu, ortar af séra Jóni Hjaltalín prests (svo) að Breiðabólstað á Skógarströnd; voru þær þrjár, en þetta eru tvær þeirra:

Frá Hamrendum fór mannval
fyrir aðventuna.

Hann að sendur Hítardal
hefur endað dagatal.

Hafði vaðið Hítará,
hann í mitti djúpa.

Alklungraður eftir á
æskumaður féll í dá.

Hítardalur. Fjallahringur við Hítarvatn og örnefni.

Prestssetrið Hítardalur þótti áður fyrr eitt af beztu brauðunum í Skálholtsbiskupsdæmi, enda völdust þangað ágætir klerkar, og má þar meðal annarra nefna Þórð, mág Sigurðar sýslumanns í Einarsnesi, föður Guðmundar á Álftanesi, og Jón Halldórsson, próf. og fræðimaður, faðir Finns biskups í Skálholti.

Áður fyrri var klaustur í Hítardal, og má sjá þess merki af klausturrústunum, sem eru uppi á **Kvíakinn** (1), sem er hátt uppi í túninu, upp undir **Bæjarfelli** (2).

Þegar ég var í Hítardal um 1860-64 (þá fluttust foreldrar mínir þangað og hættu búskap), var vel húsað þar, og stóðu bæjarhúsin þannig: Kirkja úr tré að innan, en veggir úr torfi og grjóti, með lofti yfir inn af kórnum (sem var fullt af bókum, og voru þær í slæmri hirðu, og sumar myglaðar í blöðum). 5 bekkir hvorum megin og bekkir í kór, líklega sæti fyrir allt að 100 manna.

Kirkjugarður var í kringum kirkjuna, því hún var í miðju. Mikil hurð og þung var fyrir kirkjunni og þótti listaverk, með stórum koparhring. Framan kirkjudyr lágu járnplötur stórar með látínuskript, minnismerki yfir Jóni Halldórss. próf.

Kirkjan stóð vestast í túninu, næst Bæjarfellinu. Þar næst komu 3 skemmur úr torfi og grjóti með torfpaki, og örmjótt sund milli þeirra tveggja. Svo kom stofa með þili og útidyrum og 2 gluggum á gaffli; áfast við hana, á bak við, gestaherbergi jafnhátt, og var þetta eitt hús, þiljað sundur í miðju. Uppi á lofti í stofunni var svefnherbergi og inn af því líka svefnherbergi, og var þetta hús allt ætlað gestum, og voru þar ætíð uppbúin rúm. Næst þessu húsi kom stofa, sem var herbergi prófastshjónanna, og inn af því var herbergi karlmanna (vinnumanna), en þiljað þar í milli og breiður gangur inn að hverju herbergi. Yfir þessum herbergjum var loft, og stigi gekk upp á það í miðjum gangi. Uppi yfir hjónastofu voru 4 (?) herbergi. Þar svaf ráðsmaður, kona hans og fólk þeirra. Í innri endanum (austurendanum), sem var afþiljaður, voru 2 herbergi; foreldrar mínir í öðru, litlu, en vinnukonur í hinu, sem voru venjulega 3 að vetrinum (fyrir utan dætur prófastshjónanna og niðursetukonu). Þá komu bæjardyr með eldhúsi inn af, og voru þær eins stórar og háar eins og bæjarhúsin; svo kom 3. húsið, sem var með breiðum gangi, en í annarri hliðinni voru 2 búr, og hafði ráðsmaður annað þeirra.

Öll þessi hús voru jafnhá með þiljum og gluggum, er vísuðu fram á hlaðið. Þá kom breitt sund, sem notað var til að leggja á hesta og járna, þá hjallur, þá kom smiðja, og næst henni skemma eða geymsluhús. Þilin á öllum þessum húsum sneru eins fram á hlaðið.

Á bak við hjallinn og smiðjuna var heyhlaða, hesthús og fjós, og var breitt sund á milli hjallsins og smiðjunnar og geymsluhússins og þessara húsa, og báru þessi hús í

Miðmundarhól (3), en í honum eða við hann voru 2 stórir steinar og höggvin ofan í þá gróf eða skál, sem tekið mun hafa 12 tunnur. Var þetta klappað niður í steina þessa til að geyma í vatn eða sýru, og var mér sagt, að þetta hefði verið gert til að slökkva eld, eftir stóra brunann, sem um getur í Annálum 1148, en þá brunnu þar inni fjöldi manna (70 manna, eða 82 menn, segja aðrir; próf. Þ.Hj. sagði, að allir hefðu verið komnir í svefn, um náttmál), þar á meðal 7 prestar og Magnús Einarsson, biskup í Skálholti, auk allra muna og bóka, sem enginn fær nú vitað, hvað mikið var, en sagt var, að vantað hefði í margar bækur eftir bruna þennan, sem

hvergi hefði verið auðið að fá annars staðar. Mikill bóndi og ríkur var þá í Hítardal, er Beigskjaldi hét, og seldi hann jörðina til klausturbyggingar. Klausturrústir eða stórar dældir sjást enn í mínu ungdæmi uppi á Kvíakinn í túninu, og markaði þar einnig fyrir veggjum.

Eldiviðarhús var einnig, og stóð það bak við búið.

Fjárhús fyrir um 500 fjár (sauði) voru efst uppi í túninu syðst og einnig suður við læk, ærhús og lambhús, og voru þar einnig hesthús. Túnið var allt umgirt með grjótgarði, og voru talsverðar sléttur í því, en fljótt vildu koma þúfur aftur, því menn kunnu þá eigi að slétta tún, eins og nú gerist. Undir 20 í fjósi með bolum og kálfum, og 24 hestar alls, og um 500 fjár; þetta man ég þó eigi með vissu, en ráðsmaður átti fé og vinnuhjú einnig, sem gekk með öðru fé prófastsins.

Mylluhús var niður í hrauni. Þar er lækur, sem heitir **Fljótalækur** (4) og kemur undan hrauninu og hverfur svo í það aftur, en á köflum eins og fljót. Var byggt yfir lækinn og sett mylla í húsið, sem malaði allt korn fyrir staðarbúa, og bændur fengu líka að mala þar fyrir sláttinn.

Faðir minn smíðaði öll járn í myllu þessa og eins mylluhúsið í samráði við Kristján [ráðsmann]. Kornkvörn var líka heima, í göngunum við eldhúsbilið, og var þar malað, áður en myllan var smíðuð, og eins síðar smávegis í viðlögum, og var þar ein byrða til að geyma mjöl í, en annars voru kornbyrður geymdar úti í skemmu. Það þurfti mikið af korni og matvælum, því oftast voru um 30 manns í heimili. Var þar geymdur allur matur, kæfa, hangikjöt, mjöl, kjöt og smjör, en fiskur uppi á skemmulofti. Slátur og skyr geymt í búi. Ein skemma var aðeins fyrir smíði, orf, hrífur, klyfbera, rekur, skóflur og annað, er smíðað var, því ráðsmaður (Kristján) var vinnusamur og vildi láta aðra vinna.

Nóg var að gera að sjá um skepnurnar og alla hirðingu. En innanhúss var líka mikið unnið. Öll brauð bökuð og kökur. Mór, fenginn í Hróbjargastaðalandi - þótti betri þar - hafður til eldunar, og hrís, og var mikill skógur rifinn hirðulaust í Hítardalslandi niður í hrauni. Innan Bæjarfell var líka skógur, sem nefndur var **Kjarir** (5), en hann var aldrei tekinn á þessu tímabili. Var mér sagt, að allir sandar, sem komnir voru milli Hróbjargarstaða og Bæjarfells, hefðu að mestu verið skógi vaxnir í tíð Páls bónda á Brúarfossi, er var afi Guðmundar Sigurðssonar, er lengi var í Hlíðarhúsum í Rvík, tengdafaðir Hjalta Jónssonar, og mun það hafa verið um aldamót 1800. En strax og farið var að rífa skóginn, fór hann að blása upp. Komu þá stórar skellur, og allt varð svo að auðn og sandi.

Fyrir ofan túnið, upp við hæðina, er klettur, sem nefndur var **Nafnaklettur** (6); er hann úr móbergi, og hafa menn skrifað í bergið nafn sitt á ýmsum tímum, nú um 200 ár, og er þar kominn fjöldi mannanafna og ártöl, því það er svo auðvelt að skera þau með vasahníf. Flest

eru þar þó aðeins upphafsstafir nafnanna.

Í túninu voru ýmis stykki með sérstökum nöfnum, eftir því sem sláttumönnum féll að slá þau, og eru nöfnin bundin í þessum vísu, er Stefán gullsmiður orti, Jónsson, bóndi í Hítarneskoti (lærði erlendis [í] Noregi og Danm. og dvaldi þar ein 20 ár). Stefán var sonur Jóns Guðmundssonar ökonemus í Höll í Þverárhlið og Hömrum í Hraunhreppi. Móðir hans var Halldóra, dóttir Björns Auðuns Blöndal. Vísurnar eru svona:

Láta að ungum laufakvist
lífsins kjör án бага.
"Svuntu" skoða fékk hann fyrst,
fór svo upp á "maga".

Svunta (7) var sléttur blettur, en **Harðmagi** (8) hryggur efst í túninu. Jón "laxi"," var svo kallaður, var við sláttinn, og svaraði Stefáni með þessari vísu:

Stefán, sem að brag til bjó,
bragnar kunna ei lofa.
Hítardals í Hórukró
helzt mun vilja sofa.

Hórukró (9) er túnblettur suður við læk, skammt frá fjárhúsunum. **Moldarflöt** (10) var líka kölluð suður við læk, svo kom **Seigla** (11), nær bænum, og svo **Bolavöllur** (12), þá **Svíri** (13), Miðmundarhóll og **Bæjarhóll** (14). **Smalatunga** (15) og Kviakinn upp undir felli - þar mun klaustrið hafa verið - mörg fleiri nöfn voru þar.

Þá má geta þess, að hellir er uppi í Bæjarsfelli, og er hann nefndur **Sönghellir** (16), af því að það kveður við í hellinum, þegar sungið er eða kveðið. Annar hellir er efst í túninu, sem heitir **Fjárhellir** (17) (**Hundhellir** (17a)), hafði fénaður verið stundum látinn í hellinn, sem er stór, og nú siginn saman. Þessi hellir var alltaf opinn, og var hann einnig nefndur **Hítarhellir** (18).

Í kirkjuhorninu, sinn hvorum megin við kórinn að utanverðu, voru 2 steinar, og voru það andlitsmyndir klappaðar í steina þessa, og var sagt, að það væri af Hít tröllkonu, er átti að hafa búið í Hítardal, og hitt af Bárði Snæfellsás. Átti Hít að hafa boðið Bárði til sín, og var veizlan haldin í Hítarhelli. Var mér sagt, að áður fyrr hefði dalurinn heitið **Hítardalur** (19), eftir ánni, sem hét **Hítá** (20), svo breyttist nafnið, eftir að Hít kom til sögunnar, í **Hítará** (21) og **Hítardalur** (22). Kaldá rennur niður Kolbeinsstaðahrepp hjá (?) Jarfa.

Örnefni í Hítardalslandi og þar í grennd:

Við botninn á dalnum í norðri rennur á niður í dalinn, þar sem heitir **Þröskuldur** (23), er nærri lokar dalnum. Áin rennur eftir dalnum, er heitir **Þröskuldará** (24), og rennur hún niður í **Hítarvatn** (25). Var Pólstjarnan ætíð miðuð yfir dalnum, og var það kallað í norður. Hátt fjall er að austanverðu við dalinn, er heitir Þröskuldur, **Þröskuldardalsbrún** (26) efst uppi. Kemur áin úr tjörn, sem þar er uppi á fjallinu, og er það kaldavermsla, og rann hún niður með bænum á Tjaldbrekku, og eru þar í henni tveir fossar. Heitir sá efri **Háifoss** (27), en sá neðri, bak við bæinn í hvamminum, heitir **Litlifoss** (28), og var þar fjárrétt.

Þá er haldið áfram í austur, kemur þá næst nokkuð hátt fjall, er heitir **Bjúgur** (29), sem kallað er **Hítardalsheiði** (30) í Björns sögu Hítaldskappa. Þá kemur **Austurárdalur** (31) (og austast á Bjúgnum er hnúkur, sem heitir **Smjörhnúkur** (32), og er hann í miðsmorgunsstað frá Tjaldbrekku). Niður Austurárdal rennur á í Hítarvatn, er heitir **Austurá** (33), og fyrir sunnan ána, við Austurárdal, er fjall, sem heitir **Lambahnúkur** (34), en fyrir sunnan hann er lítill dalur áfastur við fjallið, sem heitir **Fossdalur** (35). Þar rennur á niður í Hítarvatn, er heitir **Suðurá** (36). Kemur hún saman við Austurá niður á sléttunum, og renna þær svo saman sem ein á niður í Hítarvatn, og rétt ofan vatnið rennur Þröskuldará líka saman við þær, og geta þær orðið ófærar í vatnavexti.

Áfastur (svo) við Suðurá er **Tröllakirkja** (37) sunnan ána og þá **Suðurárdalur** (38), og brúnin á dalnum kallaðar **Suðurárdalseggjar** (39), sem eru svo hvassar, að varla er hægt að ganga, og þó hefur þar verið farið í fjárleitum eða fjallgöngum. Þá kemur **Hádegisfjall** (40) áfast við Suðurárdalinn, nokkuð hátt fjall, og er mjög hvass[t] við vatnið, þegar vindur var á sunnan. Þegar sól var yfir því, var rétt hádegi í suður.

Þá kemur stórt skarð, og þar næst **Grafheiðartindur** (41), og hafa þar fundizt kolalag eða surtarbrandur; eigi þótti það svara kostnaði að sækja hann til eldunar. Þá kemur **Grafheiði** (42) - eru tvær tjarnir á heiðinni, sem eigi sjást fyrir en komið er að þeim, svo er hún grafin niður, og mun hún bera nafn af því.

Þórarinsdalur (43) liggur upp úr Hítardal fyrir sunnan **Hólminn** (44), og þegar komið er upp úr honum, sér maður ofan í **Langavatnsdal** (45). Þar er stórt stöðuvatn, og rennur **Langá** (46) niður dalinn og niður í milli Borgarhrepps og Álftaneshrepps í sjó fram.

Þá kemur hið einkennilega móbergssfell, er heitir **Foksufell** (47) (**Foxufell** (48)). Sunnan í því er hellir, sem heitir **Bjarnarhellir** (49). Margir hafa skoðað hellinn, þar á meðal Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, er þeir fóru yfir landið á rannsóknarferðum sínum, og hafa þeir sett fangamark sitt í bergið. Konráð Maurer hefur einnig komið þangað (um 1850?) og fór faðir minn með honum þangað, og var prófastur Hjálmarsen í fylgd með honum. Lét hann

mikið yfir náttúrufegurðinni inni á dalnum og við Hítarvatn. Sýndu þeir honum þar gamlar rúnir, sem skrifaðar eru í hellinn, og réði hann nafnið og sagði, að það væri "Grímur". Var þess getið til, að það hefði verið frá fyrri tímum. Þótti líklegt, að það hefði verið Grímur Helgason frá Kroppi, sá er um getur í Laxdælu og var dæmdur skógarmaður fyrir að drepa son Eiðs í Ási, sonarson Miðfjarðar-Skeggja. Grímur var son Helga í Kroppi, og er til sögn um það, að hann hafi fyrst verið í Bjarnarhelli og síðan við Tvídægru við Fiskivötn. Eiður (f. 979, d. 1027) fékk Þorkeli Eyjólfsyni sverðið Sköfnung, ef hann ... banað Grími, en sú varð niðurstaða, að Grímur felldi Þorkel og gaf honum líf. Þorkell fór síðan til Noregs, og var Grímur með honum hinn mesti kappi, og staðfestist hann austur í Vík í Noregi og kom aldrei til Íslands. Þorkell giftist síðan Guðrúnu Ósvífursd., og druknaði ...

Er útbúið hvílurúm í hellinum fyrir einn mann, eins og höggvið í hellisvegginn, og eru tröppur klappaðar frá hellisgólfi upp að rúmflatinu, sýnilega gert af mannahöndum. Er vel skiljanlegt, að sekir menn hafi leitað hælís í Bjarnarhelli, því þar er hægt til matfanga, fénaður nærri á afrétti og silungur ætíð nægur í Hítarvatni.

Fyrir löngu hafði verið haft sel frá Haga skammt frá Bjarnarhelli, og hafði fólk þá legið við í hellinum yfir sumarið.

Vel getur verið, að Björn Hítðalakappi hafi fyrstur fundið helli þennan, og sé hann við hann kenndur, þó menn viti það eigi.

Áður fyrr, þegar ég var þar, var stundum gengið framan í Foksufelli vatnsmegin, en þar gekk stór gjá ofan úr felli og niður í vatn. Var þar steinbogi á gjánni, og var farið yfir hann, og mikil áhætta að fara hann, því ef hann hefði fallið, var hátt fall niður í vatnið og dauðinn vís. Annars staðar varð eigi komizt að framanverðu. Annars ... yfir Grafheiði, en víða varð að teyma hesta, ef farið var að Bjarnarhelli.

Næst Foksufelli er dálítið hraun, og þegar það endar, tekur við Hólmurinn, þar sem Björn Hítðalakappi bjó, sem er dálítið fjall, er var allt grasi vafið og gengur að Hítará, en að ofanverðu við Hólminn er Hítarvatn, og er fjallið af því kallað Hólmur. Bær Björns hefur staðið á ávöllum hól fyrir neðan fjallið hraunmegin. Sáum við systkinin vel fyrir rústunum eftir bæjarhúsin fyrir 75 árum, en nú mun vera búið að byggja leitarkofa fyrir fjallgöngumenn skammt frá bæjarrústum Björns Hítðalakappa. Rústirnar eru fast upp við Hólminn, en selrústir ekki (?) fornar niður á flötunum, og má eigi villast á því. (Frá Haga - þar bjó Bjarni, faðir Guðm. klæðskera.)

Margir hólmar eru þarna í vatninu skammt frá Hólminum, og eru þeir kallaðir **Svartbakshólmar** (50); er þar mikið af eggjum á vorin, og eins í hólmunum, sem liggja skammt frá Foksufelli, er heita **Foksufellshólmar** (51). En á **Innri-Foksufellshólma** (51a),

þegar sól var yfir honum, var nón á Tjaldbrekku, eða klukkan 3 síðdegis.

(Hítardalur byrjar við **Fagraskógarfjall** (52) eða **Grettisbæli** (53), og er hann svo langur, að Hólmurinn er vel í miðjum dalnum, svo langt er inn í botn á honum. Þessir bæir eru í dalnum: **Vellir** (54), **Hróbjargarstaðir** (55), Hítardalur, **Múlasel** (56) (?), **Helgastaðir** (57), **Hólmur** (58) (til forna) og **Tjaldbrekka** (59). Skammt frá Tjaldbrekku hafði verið byggð fyrir svartadauða, og eru nafngreind **Bjúgskot** (60), **Tungufell** (61) og **Gínandi** (62), sem nú eru löngu lögð í eyði.)

Hólmurinn má heita þrístrendur. Ein hlíðin á Hólminum veit að vatninu, en **Tófuhlíð** (63) er að sunnanverðu, en önnur hlíð gengur frá Tófuhlíð að Hítará, svo þær eru þrjár hlíðarnar á Hólminum, en Tófuhlíðin er stytzt.

Þá kemur Hítará, en vestan við hana er hátt klif, er heitir **Klifsandur** (64), og er það móberg. Utan í honum, þegar farið er úr Hólminum og yfir ána, blasir móti manni stór steinn, er sagt er, að Björn Hítðalakappi hafi ætlað að komast undir, þegar hann var veginn. Nú er sagt, að skriða hafi fallið þarna, og haldi hún steininn, en eigi veit ég sönnur á því, en hitt er víst, að ég sá stein þennan ætíð, þegar ég fór um veginn, því hann var stór og ólíkt grjót í honum og öðrum steinum, er þarna voru í hæðinni, og var sagt, að hann hefði borizt þangað á ísöld. Þótti hrikalegt að fara yfir Klifsandinn, því hann er svo brattur og með laut í miðju, sem verður að fara upp og ofan, og er illt þar yfir að fara.

Vestan eða norðan Klifsand kemur dalur, er heitir **Klifsdalur** (65), og hlíð að norðanverðu við dalinn, sem heitir **Vatnshlíð** (66), og liggur hún meðfram Hítarvatni, og er hún nokkuð löng með þrem strýtum upp úr. Ein af strýtum þessum gengur upp úr hlíðinni að norðanverðu, og heitir hún **Miðaftanshyrna** (67), því þegar sólina bar yfir hana, var klukkan 6 á Tjaldbrekku.

Einn hnúk bar yfir hlíðina, sem er vestur í sveitum, og heitir hann **Þorgeirshnúkur** (68). Í Sturlungu er sagt frá því, að Þorgeir nokkur hafi hlaupið upp á hnúk þennan, en enginn treystist á eftir honum að fara, og varð það honum til lífs. Hnúkur þessi var venjulega kallaður **Geirshnúkur** (69).

Neðst á Vatnshlíð, uppi í fjallinu við Klifsandinn, eru hjallar, sem heita **Hvítingshjallar** (70), þar sem Björn hafði stóðhross sín. **Stakkgarður** (71) var þar fyrir neðan, en nú er komin skriða yfir nokkurn hluta af þessu svæði. Var heyjað þarna frá Tjaldbrekku, í Hvítingshjöllum, því þar var grösugt mjög og töðugæft hey.

Norðast á Vatnshlíð, en áfast við hana, er fjall, sem heitir **Skálarhyrna** (72); Var stundum slegið þar uppi í skálunum og sátunum velt niður í brekkurnar. Þar var heyið látið upp á hesta og reitt heim.

Áfast við Skálarhyrnu er **Okshyrna** (73), og er hún litlu lægri og öll í skriðum, en grasblettir á milli þeirra. Er hún næstum í norður, því Þröskuldur er næst að austanverðu við Okshyrnu, eins og áður er sagt.

Allur þessi fjallahringur er kringum Hítarvatn, og sum fjöllin liggja alveg að vatninu, en önnur eru dálítið fjær, en tilheyra öll Hítardal, og eins árnar, sem renna í vatnið, en það vatn, sem rennur niður í Hörðudal, tilheyrir honum, því Mýrasýsla og Dalasýsla mætast innst á Bjúgnum; sýslumót.

Þegar sólin gekk undir Skálarhyrnu, var lengstur sólargangur, um Jónsmessu, og þá var klukkan 9 (útnorður).

Fimm klif eru í Vatnshlíð, og þegar komið er frá Hítardal inn dalinn yfir ána, kemur maður að klifi, sem heitir **Stóraklif** (74), þar næst er **Votaklif** (75), og eru í því mýrarkeldur, svo kemur oddi, sem liggur út að vatninu ofan úr hlíðinni; heitir hann **Breiðoddi** (76) og er rennisléttur. Þá kemur **Illaklif** (77), og verður þá að ríða yfir vatnið undir klifinu. Var þar stundum í kvið á hesti, en oft grunnt. Það má líka fara uppi á klifinu, en þá verður að teyma hestana, því þar eru vondir skurðir og keldur, eða svo var það þá.

Þriðja klifið heitir **Gínandaklif** (78), og er þar betra yfirferðar. Þar uppi eru rústir eftir bæinn, sem sagt er, að heitið hafi Gínandi, og mátti vel sjá, hvar bærinn hafði staðið, þó þar væri þá allt grasi vafið. Mun þar verið hafa mjög veðrasamt, en grösugt mjög allt upp í hlíðina.

Síðasta klifið er við endann á vatninu, og er beint á móti Hólminum. Heitir það **Vatnsendaklif** (79), og sést þaðan heim að Tjaldbrekku, og er þangað stuttur vegur.

Á vorin voru vinnumenn frá Hítardal látnir liggja við í Hvalseyjum, því þær lágu undir Hítardal, og tóku þeir þar sel, egg, dún og lunda, eins og segir í vísu einni, sem Kristján ráðsmaður orti einu sinni, er þeir fóru í land, og er hún svona:

Nú er komið leiði í land,

lýðir hætti að blunda.

Heim í Akra siglum sand

með sel, egg, dún og lunda.

Hafði korni verið sáð til forna í Hvalseyjum, og hefur þess orðið vart fram til síðustu ára, því eitt sinn, er Sigurður maður minn var á ferð í Hvalseyjum, um 1870-80, tindi hann þar fullan sjóvettling af fullþroskuðu korni, er reyndist ágætlega. Við bjuggum þá á Skiphyl í Hraunhreppi.

Stafrófsskrá örnefna.

Austurá 33
 Austurárdalur 31
 Bjarnarhellir 49
 Bjúgskot 60
 Bjúgur 29 = 30
 Bolavöllur 12
 Breiðoddi 76
 Bæjarfell 2
 Bæjarhóll 14
 Fagraskógarfjall 52
 Fjárhellir 17 = 17a, 18
 Fljótalækur 4
 Foksufell 47 = 48
 Foksufellshólmar 51
 Foksufellshólmi, Innri- 51a
 Fossdalur 35
 Foxufell 48 = 47
 Geirshnúkur 69
 Gínandaklif 78
 Gínandi 62
 Grafheiðartindur 41
 Grafheiði 42
 Grettisbæli 53
 Hádegisfjall 40
 Háifoss 27
 Harðmagi 8
 Helgastaðir 57
 Hitá 20 = 21
 Hítará 21 = 20
 Hítardalsheiði 30 = 29
 Hítárdalur 19 = 22
 Hítardalur 22 = 19
 Hítarhellir 18 = 17, 17a
 Hítarvatn 25
 Hólmur 58
 Hólmur(inn) 44
 Hórukró 9
 Hróbjargarstaðir 55
 Hundhellir 17a = 17, 18
 Hvítingshjallar 70
 Illaklif 77

Innri-Foksufellshólmi 51
 Kjarir 5
 Klifsandur 64
 Klifsdalur 65
 Kvíakinn 1
 Lambahnúkur 34
 Langá 46
 Langavatnsdalur 45
 Litlifoss 28
 Miðaftanshyrna 67
 Miðmundarhóll 3
 Moldarflöt 10
 Múlasel 56
 Nafnaklettur 6
 Okshyrna 73
 Seigla 11
 Skálarhyrna 72
 Smalatunga 15
 Smjörhnúkur 32
 Stakkgarður 71
 Stóraklif 74
 Suðurá 36
 Suðurárdalseggjar 39
 Suðurárdalur 38
 Svartbakshólmar 50
 Svíri 13
 Svunta 7
 Sönghellir 16
 Tjaldbrekka 59
 Tófuhlíð 63
 Tröllakirkja 37
 Tungufell 61
 Vatnsendaklif 79
 Vatnshlíð 66
 Vellir 54
 Votaklif 75
 Þórarinsdalur 43
 Þorgeirshnúkur 68
 Þröskuldará 24
 Þröskuldardalsbrún 26
 Þröskuldur 23